

## REGLUR

### um takmörkun á fjölda nemenda við innritun í Háskólann á Akureyri.

#### 1. gr.

##### *Auðlindadeild.*

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í auðlindadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 75.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í stærðfræði og raungreinum.
- b) Meðaleinkunn á stúdentsprófi.
- c) Viðtölum ef þurfa þykir.

#### 2. gr.

##### *Félagsvísinda- og lagadeild.*

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í félagsvísinda- og lagadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 110. Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í íslensku, ensku, greinandi hugsun og í félagsvísindaskor stærðfræði.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

#### 3. gr.

##### *Heilbrigðisdeild.*

Fjöldi nemenda í hjúkrunarfræði á 1. námsári sem hefja nám á vormisseri 2006 takmarkast við töluna 34.

Fjöldi nemenda í iðjuþjálfun á 1. námsári sem hefja nám á vormisseri 2006 takmarkast við töluna 18.

Reglur um val á nemendum til náms í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri verða auglýstar sérstaklega í Stjórnartíðindum.

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

#### 4. gr.

##### *Kennaradeild.*

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í kennaradeild á 1. námsári takmarkast við töluna 140.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í íslensku, ensku og stærðfræði.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

## 5. gr.

*Viðskiptadeild.*

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í viðskiptadeild á 1. námsári takmarkast við töluna 100.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi nemenda í stærðfræði, ensku og hagfræðigreinum.
- b) Meðaleinkunn á stúdentsprófi.
- c) Viðtölum ef þurfa þykir.

## 6. gr.

*Upplýsingatæknideild.*

Almennt inntökuskilyrði er stúdentspróf eða sambærileg menntun.

Umsækjendur með starfsreynslu og aðra menntun en stúdentspróf eiga kost á inngöngu og eru slíkar umsóknir metnar sérstaklega samkvæmt reglum deildar.

Fjöldi nýrra nemenda í upplýsingatæknideild á 1. námsári takmarkast við töluna 35.

Ef þeir sem sækja um að hefja námið, og uppfylla inntökuskilyrði, eru fleiri en unnt er að taka inn mun val nemenda byggjast á eftirtöldum sjónarmiðum:

- a) Undirbúningi í stærðfræði, greinandi hugsun og ensku.
- b) Viðtölum ef þurfa þykir.

## 7. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 4. gr. laga um Háskólann á Akureyri nr. 40/1999 gilda fyrir háskólaárið 2005-2006.

*Háskólanum á Akureyri, 15. apríl 2005.*

**Þorsteinn Gunnarsson** rektor.

---

*Sigrún Sveinbjörnsdóttir,*  
*varaforseti háskólaráðs.*